



Forsaga íslams

Sögur af Ísmael

1. Sara og Hagar.
2. Sonur Abrahams.
3. Guð var að prófa tryggð Abrahams og hlýðni.
4. Hér er ekki eitt rétt svar heldur eiga nemendur að reyna að færa rök fyrir máli sínu. Væntanlega er ástæðan sú að djöfullinn er holdsgerving hins illa og hans hlutverk er því að reyna að freista fólks til að gera gagnstætt vilja Guðs.
5. Í báðum tilvikum segir Guð Abraham að gera eitthvað án útskýringa og Abraham hlýðir án þess að efast.
6. Hér er ekki eitt rétt svar heldur eiga nemendur að reyna að færa rök fyrir máli sínu. Líkleg túlkun er sú að þetta hafi verið tákni Guðs um að Ísmael væri honum sérstakur.
7. Al-Masjid al-Harām er stærsta trúarbygging múslima og hún er byggð yfir Kaba, mesta helgidóm múslima, í borginni Mekka.

Fæðing Múhameðs spámanns

1. Samfélagið á þessum tíma einkenndist af græðgi og illdeilum auk þess sem fólkið tilbað marga guði og ýmis líkneski.
2. Múhameð ibn Abdallah.
3. Sagan segir að þegar Múhameð fæddist hafi gróðurinn blómstrað sem aldrei fyrr og stjörnurnar skinið skærar en áður. Hvernig túlkar þú þessa atburði? Hér er ekki eitt rétt svar en ætlast er til þess að nemendur færi rök fyrir máli sínu. Líkleg túlkun á þessum atburðum er sú að öll náttúran hafi fagnað fæðingu þessa barns vegna þess hve merkilegur hann ætti eftir að vera.
4. Khadija var eiginkona Múhameðs.
5. Dæmi um spámenn Guðs eru Abraham og Móses og í huga múslima er Jesús einnig spámaður.

Fyrsta opinberun Múhameðs

1. Hvaða álit heldur þú að Múhameð hafi haft á samfélaginu sem hann bjó í? Hvers vegna? Hér er ekki eitt rétt svar en nemendur verða að færa rök fyrir máli sínu. Textinn segir að Múhameð hafi séð græðgina í samfélaginu og ofbeldið í garð þeirra sem minna mega sín og hafi því dregið sig í hlé og eytt löngum stundum einn í helli fyrir utan borgina. Þetta gefur til kynna að honum hafi liðið illa og fundist samfélagið slæmt.
2. Hér er ekki eitt rétt svar en nemendur eiga að rökstyðja svar sitt. Tilgangur spurningarinnar er að fá nemendur til að setja sig inn í samfélagsaðstæður þessa tíma. Í kaflanum Fæðing Múhameðs spámanns kemur fram að hann kom frá fátækri fjölskyldu, það er því líklegt að fjölskyldan hafi ekki haft efni á menntun og því hafi Múhameð aldrei lært að lesa.
3. Hér er ekki eitt rétt svar en nemendur eiga að rökstyðja svar sitt. Líklegt svar er að þetta hafi verið kraftaverk til þess gert að Múhameð myndi skilja skilaboðin.



4. Vinir Múhameðs skrifuðu niður skilaboðin sem Múhameð færði þeim fra englinum. Seinna var þessum skilaboðum safnað í eina bók sem nefnist Kóraninn.
5. Nótt máttarins.

Nótt ferðalagsins

1. Það var hvít kynjaskepna með útlit hests en með tvo stóra vængi á bakinu.
2. Fyrst fór Múhameð að hliði hinnar heilögu mosku í Mekka, þaðan flaug hann til Jerúsalem, þar sem hann kleif gullstiga að himnahliðinu og að lokum fór hann inn fyrir hliðið og fór í gegnum alla hina sjö himna alla leið upp í sjöunda himinn og steig þar inn í Paradís og stóð þar frammi fyrir háseti Guðs.
3. Hann hitti þá spámenn sem höfðu verið á undan honum.

Frá Mekka til Medínu

1. Þeir voru hræddir við að missa völd sín ef fólkíð færi að fylgja Guði Múhameðs.
2. Engillinn Gabríel birtist honum í svefni og varaði hann við.
3. Abu Bakr var vinur Múhameðs sem flúði með honum frá Mekka til Medínu.
4. Vegna þess að það var könguló búin að spinna vef fyrir opið og dúfa sat einnig fyrir framan það á hreiðri sínu.
5. Stofnun hins íslamska trúarsamfélags umma og upphaf tímatala múslima.

Andlát Múhameðs

1. Umma er hið íslamska trúarsamfélag.
2. Yfir mestöllum Arabíuskaganum.
3. Síðasta ferð Múhameðs til Mekku.
4. Hér er ekkert rétt svar heldur er þessi spurning til að fá nemendur til að hugleiða hvernig staðir geta orðið helgir í hugum fólks.

Síðari tímar

Samfélag múslima

1. Hann vildi breyta því til batnaðar þannig að fátækir og sjúkir hefðu það betra og misskiptingin væri ekki jafn mikil.
2. Hvað það gerði en ekki hversu ríkt eða vel ættað það væri.

Útbreiðsla íslam

1. Kalífi þýðir fulltrúi eða arftaki og eftir dauða Múhameðs var skipaður kalífi sem yrði trúarlegur og pólitískur leiðtogi múslima.
2. Múslimar klofnuðu í tvær fylkingar vegna þess að þeir voru ekki sammála um hver ætti að verða fyrsti kalífinn.
3. Þegar íslamska veldið var í hámarki sínu náði það til þriggja heimsálfa: Evrópu, Afríku og Asíu. Vestasta land heimsveldisins var Spánn og svo teygði það sig til austurs alveg til Indlands.
4. Þeir lögðu minni skatta á þegna sína en margir aðrir auk þess sem gyðingar og kristnir menn fengu leyfi til að iðka trú sína.



Tvær meginstefnur

1. *Súnna* merkir hefð og vísar til þeirrar hefðar að vitna alltaf í arfsagnir um hvað Múhameð gerði eða sagði í málum sem ekki var fjallað um í Kóraninum.
2. Shía merkir flokkur.
3. Flestir shítar eru búsettir í Íran.
4. Imam andlegur leiðtogi sem sér um siðferðisleg, guðfræðileg og dulspekileg málefni.
5. Súnnítar eru íhaldssamir og telja að Kóraninn innihaldi endanlegan sannleik sem breytist ekki. Shítar eru ekki jafn íhaldssamir og trúa því að það geti orðið breyting á boðskap Kóransins í gegnum nýja trúarlega leiðtoga. Shítar væru því líklegri en súnnítar að breyta reglum til takts við nútímann.

Staða íslam í dag

1. U.þ.b. 20% eða 1/5.
2. Í Suðaustur-Asíu. Í Indónesíu búa til dæmis yfir 170 milljónir múslima, yfir 130 milljónir í Pakistan og meira en 200 milljónir í Bangladesh og Indlandi saman.
3. Þeir fundu styrk í íslam í jafnréttisbaráttu sinni en samkvæmt íslam eru allir jafnir fyrir Guði sama hver húðlitur þeirra er.
4. Kóraninn er miklu meira en trúarrit því hann fjallar um flesta þætti mannlegs samfélags eins og það var á tímum Múhameðs, t.d. stjórnarhætti.
5. *Bræðralag íslams* eru alheimssamtök súnni múslima sem hafa mikil áhrif í hinum íslamska heimi, einkum í arabískum löndum.
6. Rétt innan við 400 meðlimir.

Kennisetningar og reglur

Einn guð

1. Eíngyðistrú merkir að aðeins er til einn Guð sem er æðstur öllu.
2. Guð.
3. Í grundvallaratriðum byggir gyðingdómur, kristni og íslam á sama boðskap. Múslimar líta hinsvegar svo á að Múhameð spámanni hafi opinberast hin endanlega mynd boðskapsins og því byggir íslam á kenningum hans.
4. Vegna þess að Múhameð er ekki guðlegur heldur maður og samkvæmt íslam er bannað að tilbiðja neitt annað en Guð og sérstaklega ekki skurðgoð. Fyrir múslimu eru myndir af Múhameð og tilbeiðsla á þeim það sama og skurðgoðadýrkun.

Sköpunin

1. Maðurinn hefur þá sérstöðu að hafa val um hvaða leið hann fer í lífinu og ber sjálfur ábyrgð á því sem hann gerir.
2. Á dómsdegi mun Guð dæma mennina og ákvarða hvort þeir fara til paradísar eða helvítis.
3. Að trú á Guð einann og fylgja boðorðum hans.

Stoðirnar fimm

1. „Það er enginn guð nema Allah, Múhameð er sendiboði hans.“
2. Við sólarupprás, í hádeginu, um miðjan daginn, viðsólarlag og um klukkustund eftir sólarlag.



3. Til að koma í veg fyrir græðgi meðal þeirra ríku en öfund hjá þeim fátæku.
4. Með föstunni þjálfast menn til dæmis í þolinmæði, viljastyrk og samkennd.
5. Til að sýna að þeir séu allir jafnir fyrir Guði.

Spámenn Guðs

1. Múslimar viðurkenna ekki að Jesú hafi verið sonur Guðs en viðurkenna hann sem spámann.
2. Spámenn eru valdir og blessaðir af Guði til þess að útskýra og leiðbeina þjóð sinni.
3. Líklega er það vegna þess að spámennirnir eru mannlegir enn ekki guðlegir og það er bara mannlegt að gera mistök við og við.
4. Árið 632.

Helgirit

1. Kóraninn er helsta trúarrit múslima.
2. Á arabísku.
3. Kóraninn skiptist í 114 kafla sem nefnast *súrun* og undir hverri súru eru vers eða *ayat*. Súrunum er raðað eftir lengd þar sem þær stystu eru aftast en lengstu fremst fyrir utan eina undantekningu sem er fyrsta súran, *al-Fatiha*, en í henni eru sjö vers. Súrunar eru einnig flokkaðar eftir því hvort þær opinberuðust Múhameð í Mekku eða Medínu. Fremst eru þær sem birtust honum í Medínu en aftar þær sem birtust honum í Mekku.
4. Hadith-safnið er einnig nefnt Vegur Múhameðs en það inniheldur tilsvör Múhameðs og það sem hann gerði meðan hann lifði.
5. Sharia eru siðareglur íslam eða einskonar lagarit. Trúarlegir fræðimenn túlkuðu trúarritin, Kóraninn og Hdaith, og skráðu niðurstöður sínar í Sharia.
6. Hér er ekki eitt rétt svar en nemendur verða að útskýra hvers vegna þeir telji að viðeigandi lög séu undan áhrifum ríkjandi átrúnaðar. Til dæmis gæti verið nefnt að það megi ekki stela eða drepa.

Tákn og helgir dómur

Hálfmáni og stjarna

1. Það var upphaflega notað sem einkennistákn af stórveldi Ottómanna sem réðu ríkjum í hinum arabíska heimi 1299-1922.
2. Fimm arma.
3. Hér er ekki eitt rétt svar þar sem nemendur geta ástundað mismunandi átrúnað og engann. Spurningunni er fyrst og fremst ætlað að vekja nemendur til umhugsunar um notkun tákna í trúarbrögðum og menningu.

Græni liturinn

1. Í Kóraninum segir að íbúar paradísar séu klæddir grænum flíkum úr silki.
2. Grænan lit er að finna í moskum og hinum ýmsum þjóðfánum íslamsríkja s.s. Pakistan, Afganista og Sádi-Arabíu.
3. Hér er ekki eitt rétt svar heldur er mikilvægt að hugleiða það hvernig nota má liti til að tákna eitthvað. Ekki er hinsvegar víst að sami litur vekji alltaf sömu tilfinningar eða hafi sömu merkingu fyrir alla vegna þess að það er bæði menningarlegt og persónulegt.



4. Hver er þinn uppáhaldslitur og hvers vegna? Hér er ekkert rétt svar.

Talan sjö

1. Talan sjö er talin vera fullkomin tala og er tákn þess fullkomna og góðvildar.
2. Himnarnir eru sjö, í pílagrímsförum er gengið sjö sinnum í kringum Kaba og hlaupið sjö sinnum á milli hæðanna tveggja og trúarjátning múslima samanstendur af sjö orðum þegar hún er skrifuð á arabísku.
3. Hér er ekki eitt rétt svar en dæmi um tölur sem oft eru taldar hafa sérstakan mátt eru 3 (mikið notuð í ævintýrum og goðsögnum, hin heilaga þrenning í kristni, demantarnir þrír í búddhadóm), 13 (algeng óheillatala, 13 sem sátu til borðs við síðustu kvöldmáltíðina), 888 (tala Jesu Krists), 666 (tala djöfulsins).

Helgar borgir

1. Mekka, Medína og Jerúsalem.
2. Vegna þess að í Mekku er Kaba sem er mesti helgidómur múslima.
3. Hann var bæði andlegur og veraldlegur leiðtogi þar og fór með stjórn hernaðar, pólitíkur og trúarlegra málefna.
4. Vegna þess að þangað fór Múhameð ásamt englinum Gabríel til að hitta aðra spámenn Guðs og þaðan fór hann svo upp í sjöunda himin.

Moska

1. Moska er bænahús múslima. Þar koma þeir saman og biðjast fyrir en moskan er einnig samkomustaður þeirra.
2. Moskan er tákn fyrir áætlum Allah um að skapa eitt samfélag guðsdýrkenda í heiminum.
3. Þeir þurfa að þvo sér um höfuð, hendur og fætur til að hreinsa bæði líkama og sál.

Kaba

1. Kaba er ferköntuð bygging inn í moskunnni Al-Masjid al-Ḥarām, í borginni Mekku, og mesti helgidómur múslima.
2. Sagan segir að Adam hafi upphaflega byggt Kaba. Abraham og Ísmael áttu svo að hafa endurbyggt bygginguna eftir fyrir mælum Guðs.
3. Steinninn er sagður hafa dökknað vegna synda manna.

Siðir

Fæðingar- og nafngjafasiðir

1. Trúarjátninguna.
2. Þeir gefa yfirleitt til fátækra oft með því að bjóða þeim til veislu eða senda þeim mat en einnig með því að gefa peninga til góðgerðarmála.
3. Þeir eru umskornir.

Ungdómurinn

1. Fræðst um trúna, sungið og leikið sér.



2. Í þeim löndum þar sem íslam eru ríkjandi trúarbrögð er Kóraninn kenndur í skólunum en í öðrum löndum fara krakkar í moskurnar eftir skóla og læra þar Kóraninn.
3. Nei.
4. Þegar þau treysta sér til þess.
5. Ung börn, barnshafandi konur og veikt fólk.

Hjónabandið

1. Allir eru velkomnir í brúðkaupsveislu múslima hvort sem þeim var boðið eða ekki.
2. Múslimar eru hvattir til að giftast og eignast börn.
3. Vegna þess að í islömskum samfélögum er hjónabandið ekki talið einkamál tveggja einstaklinga því það hefur áhrif á alla fjölskylduna.
4. Hér er ekkert rétt svar.

Andlát og útför

1. Vegna þess að þeir trú á upprisuna.
2. Í sérstökum grafreit í Gufuneskirkjugarði.
3. Með andlitið í átt að Mekku.

Bænir

1. Um það leyti sem sólin kemur upp fara þeir með fyrstu bænina, aðra í hádeginu, þá þriðju um miðjan daginn, fjórðu við sólsetur og að lokum þá fimmtu um það bil klukkustund eftir sólsetur.
2. Þeir koma saman í moskum í hádeginu á föstudögum til að biðjast fyrir.
3. Mismunandi er hvernig því er háttað eftir stöðum. Sums staðar er kallað úr turni sem stendur rétt við moskuna, annars staðar er notað kallkerfi eða kallað er til bæna innan moskunnar.
4. Kirkjuklukkum er hringt.
5. Hvaða múslimi sem er getur stjórnað bænahaldinu.

Matarvenjur

1. Með því er átt við að eingöngu sé þeim dýrum slátrað sem á að borða og það gert í nafni guðs.
2. Svínakjöt.
3. Áfengi.
4. Hér er ekkert rétt svar en nemendur eiga að færa rök fyrir máli sínu.

Hátíðir

Tímatal

1. Vegna þess að múslimar fylgja tunglári en ekki sólári og því er árið hjá þeim 354 dagar.
2. Vegna þess að kristnir miða tímatal sitt við fæðingu Jesú en múslimar miða tímatal sitt við flóttu Múhameðs frá Mekku til Medínu.
3. Svarið er breytilegt frá ári til árs. Hægt að reikna gróflega með því að bæta við sama árafjölda á bæði ártölin 2010 og 1431.
4. Í hitamánuði eða ramadhan.



Hajj og fórnarhátíðin

1. Hajj er pílgrímsferð múslima til Mekku.
2. Í fyrri hluta pílgrímsferðarinnar ganga þúsundir pílgríma sjö hringi í kringum Kaba sem er ferköntuð bygging inni í moskunnni Al-Masjid al-Ḥarām, í Mekku. Því næst hlaupa þeir sjö sinnum á milli tveggja hæða sem nefnast Safa og Marwa en með því er verið að minnast þess þegar Hagar fór að leita að vatni handa Ísmael syni sínum.
3. Þess þegar djöfullinn freistaði Ísmaels og Abrahams.
4. Hápunktur ferðarinnar er *fórnarhátíðin* eða *Eid Al-Adha*. Hátíðin er helgasta hátíð múslima og stendur í fjóra daga en þá minnast múslimar þess er Guð gaf Abraham hrút til að fórna í stað sonar síns Ísmael.
5. Fórnarhátíðin hefst á sameiginlegu bænahaldi við sólarupprás á tíunda degi mánaðarins. Fjölskyldan fer svo í fín föt, skiptist á gjöfum og borðar saman. Áður fyrr var hefð fyrir því að þeir sem höfðu efni á fórnunni einhverri af skepnum sínum og skiptu svo kjötinu á milli sín, fátækra og ættingja. Í dag eru flest allir hættir að stunda landbúnað og því gefa menn fátækum frekar mat eða peninga til matarkaupa.
6. Hér er ekkert eitt rétt svar.

Ramadan og föstuendahátíðin

1. Frá sólarupprás til sólarlags mega þeir ekki borða, drekka eða stunda kynlíf.
2. Á hverju kvöldi er fastan brotin með sérstakri athöfn þar sem borðaðar eru döðlur og drukkið vatn.
3. 27. dag ramadan er nótt máttarins og hápunktur föstunnar en talið er að Múhameð hafi fengið sína fyrstu opinberun á nóttu máttarins.
4. Þessi nótt á að vera mjög öflug og til eru sögur sem segja að henni fylgi töfrakraftur og þá sé hægt að heyra grasið vaxa og trén tala.
5. Föstuendahátíðin er næst stærsta hátíð múslima og stendur í þrjá daga. Hátíðin einkennist af samveru ættingja og vina. Hún hefst á sameiginlegri bænastund þar sem farið er með bænir við sólarupprás. Þá er hefð fyrir því að fjölskyldan borði saman og taki á móti gestum. Hringt er í fjarstadda ættingja og þeim óskað til hamingju með daginn. Einnig senda margir Eid-kort með heillaóskum og heimsækja grafir látinna ættingja.
6. Hér er ekki eitt rétt svar en sem dæmi má nefna jólakort og afmælikort.
7. Það er siður að þeir sem eru aflögufærir gefi eitthvað til fátækra í kringum hátíðarnar.